

Bæjarstjórn Blönduósbæjar
38. FUNDUR – 12. maí 2009

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til fundar þriðjudaginn 12. maí 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía A. Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur 2008 – fyrri umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 6. maí 2009*
 - b) *Skipulags-, byggingar og veitunefnd frá 6. maí 2009*
 - c) *Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 6. maí 2009*
 - d) *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu frá 7. maí 2009*
 - e) *Byggðasamlags um menningu og atvinnumál frá 29. apríl 2009*
 - f) *Fundargerð Brunavarna A-Hún frá 5. maí 2009*
 - g) *Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2009*

Forseti óskaði eftir að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt samhljóða.

Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur 2008 – fyrri umræða*

Mætt eru til fundarins Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi KPMG og Valgerður fjármálastjóri bæjarins. Þorsteinn fór yfir og útskýrði ársreikninginn. Umræður og fyrirspurnir urðu um ársreikninginn sem þau Þorsteinn og Valgerður svöruðu. Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að vísa ársreikningi Blönduósbæjar 2008 til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar. Að því loknu véku endurskoðandi og fjármálastjóri af fundi en fyrst þakkaði forseti þeim fyrir vel unnin störf.
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 6. maí 2009*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Eftirfarandi bókun var lögð fram varðandi 9.lið fundargerðarinnar.
„Undirritaðri þykir miður að meirihluti bæjarstjórnar hefur hafnað sáttaumleitan lögfræðings míns vegna ójöfnuðar launa. Sátt þessi byggði á játningu bæjaryfirvalda með að brotið hafi verið á undirritaðri sem fyrrverandi starfsmanni sveitarfélagsins, greiðslu málskostnaðar, - og 500 þúsund króna miskabóta.

Vegna synjunar meirihlutans á sátt í málinu sé ég mig því miður knúna til að fara með málið fyrir dómstóla, enda sveitarfélaginu ekki sæmandi að standa að launaójöfnuði starfsmanna sinna.

Undirrituð harmar, að með því að meirihluti bæjarstjórnar hafni sátt í máli undirritaðrar, muni það leiða til stóraukinna útgjalda fyrir bæjarsjóð,,.

Undir bókunina ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Tekið skal fram að Jóna Fanney Friðriksdóttir situr hjá varðandi 9. lið fundargerðarinnar.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b) Skipulags-, byggingar og veitunefnd frá 6. maí 2009

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 6. maí 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu frá 7. maí 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Byggðasamlags um menningu og atvinnumál frá 29. apríl 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð Brunavarna A-Hún frá 5. maí 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál.

Staða varðandi sundlaugarbyggingu.

Fram lagt bréf frá Trésm. Stíganda ehf. þar sem farið er fram á fyrir þeirra hönd og samstarfaðila, frekari frest til ýtarlegri skoðunar gagna varðandi tilboð í 2. áfanga sundlaugarbyggingar. Forseti bar upp tillögu um að gefa frest um viku og halda auka bæjarstjórnarfund þriðjudag 19. maí nk og var það samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Kári Kárason (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign.)